



Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð

Efni: Tillaga um hámarksfjölda reykavískra nemenda í sjálfstætt reknunum grunnskólum utan Reykjavíkur

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 26. maí 2020 var lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 18. maí 2020, um viðmið um hámarksfjölda reykavískra grunnskólanemenda sem heimilt er að greiða framlag vegna til sjálfstætt rekinna grunnskóla utan Reykjavíkur:

Lagt er til að viðmið um hámarksfjölda reykavískra nemenda sem heimilt er að greiða framlag vegna til sjálfstætt rekinna grunnskóla utan Reykjavíkur skólaárið 2020 - 2021 verði eftirfarandi:

Waldorfskólinn Lækjarbotnum; 64 reykavískir nemendur.

Alþjóðaskólinn á Íslandi; 30 reykavískir nemendur.

Barnaskóli Hjallastefnunnar í Garðabæ; 5 reykavískir nemendur.

Grunnskólinn NÚ, Framsýn; 15 reykavískir nemendur.

Ákvörðun um viðmið er tímabundin og gildir til 1. júlí 2021, fyrir þann tíma verður tekin ákvörðun um framlengingu eða endurskoðun á fyrirkomulaginu. Með samþykkt viðmiða um hámarksfjölda er ekki fallið frá óskilyrtum rétti sveitarfélagsins til að synja einstaka umsóknum foreldra um skólavist í grunnskóla utan lögheimilissveitarfélags. Gerður er fyrirvari af hálfu Reykjavíkurborgar um að fjárveitingar skóla- og frístundasviðs eru gerðar með fyrirvara um fjárheimildir skv. fjárhagsáætlun á hverju ári.

Tillagan var samþykkt og vísað til borgarráðs.

Tillöggunni er hér með vísað til borgarráðs.


Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sátu hjá.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Til að tryggja öllum börnum jöfn tækifæri til þeirrar menntunar sem er í boði, er það réttlætismál að tryggja að jöfn framlög fylgi með hverju barni hvort heldur þau gangi í borgarrekinn eða sjálfstætt starfandi skóla. Með því að fé fylgi barni ætti efnahagur foreldra ekki að koma í veg fyrir val á skóla. Auk þess myndi slíkt fyrirkomulag veita foreldrum fleiri valkosti í skólamálum og tækifæri til að velja milli ólíkra áherslna í menntun barna sinna. Enda eru það foreldrarnir sem bera ábyrgð á uppeldi og menntun barna sinna og greiða fyrir námið með sköttum sínum. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins telja að allir nemendur eigi að hafa val um hvaða skóla þeir sækja, óháð rekstrarformi skóla eða

sveitarfélagsmörkum af þeim sökum styðja þeir ekki tillögur sem byggja á fjöldatakmörkunum.

Virðingarfyllst

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Helgi Grímsson', with a long horizontal flourish extending to the right.

Helgi Grímsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:
Minnisblað sviðsstjóra, dags. 18. maí 2020



Minnisblað

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Viðmið um hámarksfjölda reykvískra grunnskólanemenda sem heimilt er að greiða framlag vegna til sjálfstætt rekinna grunnskóla utan Reykjavíkur

Lagt er til að sett verði viðmið um hámarksfjölda reykvískra nemenda sem heimilt er að greiða framlag vegna til sjálfstætt rekinna grunnskóla utan Reykjavíkur, skólaárið 2020 -2021, til samræmis við eftirfarandi:

Waldorfskólinn Lækjarbotnum:

Skólaárið 2019-2020 stunda 42-45 reykvískir nemendur nám í skólanum en viðmið um hámarksfjölda reykvískra nemenda sem heimilt er að greiða framlag vegna skólaárið 2019 - 2020 er 64.

Þann 11. maí 2020 var skólanum með bréfi gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum sínum vegna fyrirhugaðrar lækkunar hámarksfjölda reykvískra nemenda sem Reykjavíkurborg greiðir framlag vegna en fram kom að ráðgert væri að leggja til við skóla- og frístundaráð að hámarksfjöldi yrði 50. Jafnframt var óskað upplýsinga um ráðgerðan fjölda reykvískra nemenda í skólanum á næsta skólaári. Ekki hafa borist viðbrögð frá skólanum.

Lagt er til að viðmið um hámarksfjölda reykvískra nemenda sem heimilt er að greiða framlag vegna skólaársins 2020-2021 verði lækkað í 50.

Alþjóðaskólinn á Íslandi:

Skólaárið 2019-2020 stunda 16 reykvískir nemendur nám í skólanum en viðmið um hámarksfjölda reykvískra nemenda sem heimilt var að greiða framlag vegna skólaárið 2019-2020 var 30 nemendur.

Þann 11. maí 2020 sendi skóla- og frístundasvið Alþjóðaskólanum bréf þar sem honum var gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum sínum vegna fyrirhugaðrar lækkunar hámarksfjölda reykvískra nemenda sem Reykjavíkurborg væri heimilt að greiða framlag vegna.

Ráðgert var að leggja til við skóla- og frístundaráð að viðmið um hámarksfjölda yrði lækkað í 20 reykvíska nemendur.

Í svari Alþjóðaskólans, dags. 12. maí 2020, kemur m.a. fram að umsóknir fyrir næsta ár sýni að nemendur muni geta verið fleiri skólaárið 2020-2021. Auk þessi geti verið að nemendur flytji á milli sveitarfélaga á miðju skólaári og því ljóst að hámarksfjöldi sem miðar við 20 nemendur bjóði upp á ósveigjanleika og hugsanlegar aðstæður fyri nemendur sem geti valdið ákveðnum ómöguleika. Því meti Alþjóðaskólinn það sem svo að lækkun á hámarksfjölda nemenda frá Reykjavík sé óraunhæfur. Leggur skólinn því til að hámarksfjöldi nemenda frá Reykjavík sem geti stundað nám við skólann skólaárið 2020-2021 verði að lágmarki haldið óbreyttu milli ára, þ.e. 30 nemendur.

Lagt er til að viðmið um hámarksfjölda reykvískra nemenda sem heimilt er að greiða framlag vegna til Alþjóðaskólans á Íslandi skólaárið 2020 – 2021 verði óbreytt 30 reykvískir nemendur.

Barnaskóli Hjallastefnunnar í Garðabæ:

Skólaárið 2019-2020 stundar 2 reykvískur nemandi nám við Barnaskóla Hjallastefnunnar í Garðabæ. Núverandi viðmið um hámarksfjölda reykvískra nemenda sem heimilt er að greiða framlag vegna er 5.

Þann 11. maí 2020 sendi skóla- og frístundasvið Barnaskólanum bréf þar sem skólanum var gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum sínum þar sem honum var gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum sína vegna fyrirhugaðrar ákvörðunar um að halda hámarksfjölda reykvískra nemenda sem Reykjavíkurborg greiðir framlag vegna, óbreyttum. Jafnframt var óskað upplýsinga um ráðgerðan fjölda reykvískra nemenda í skólanum á næsta skólaári. Ekki hafa borist viðbrögð frá skólanum.

Lagt er til að viðmið um hámarksfjölda reykvískra nemenda sem heimilt er að greiða framlag vegna til Barnaskóla Hjallastefnunnar í Garðabæ skólaárið 2020 - 2021 verði óbreytt, 5 nemendur.

Grunnskólinn NÚ, Framsýn:

Skólaárið 2019-2020 stunda 12 reykvískir nemendur nám í skólanum sem er fjórða rekstrarár skólans. Núverandi viðmið um hámarksfjölda reykvískra nemenda sem heimilt er að greiða framlag vegna skólaárið 2019-2020 eru 15 nemendur.

Þann 11. maí 2020 sendi skóla- og frístundasvið Nú bréf þar sem skólanum var gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum sínum vegna fyrirhugaðrar ákvörðunar um að halda hámarksfjölda reykvískra nemenda sem Reykjavíkurborg greiðir framlag vegna, óbreyttum. Jafnframt var óskað upplýsinga um ráðgerðan fjölda reykvískra nemenda í skólanum á næsta skólaári. Með tölvuskeyti, dags. 22. maí 2020, upplýsir fyrirsvarsmaður skólans um að áætla megi að fjöldi reykvískra nemenda verði 10 – 12 á næsta skólaári. Ekkki er gerð athugasemd við að viðmið um hámarksfjölda verði óbreytt.

Lagt er til að viðmið um hámarksfjölda reykvískra nemenda sem heimilt er að greiða framlag vegna skólaárið 2020 -2021 verði óbreytt eða 15 nemendur.

Fyrirvarar og gildistími:

Tekið er fram að með samþykkt viðmiða um hámarksfjölda er ekki fallið frá óskilyrtum rétti sveitarfélagsins til að synja einstaka umsóknum foreldra um skólavist í grunnskóla utan lögheimilis sveitarfélagsins. Gerður er fyrirvari af hálfu Reykjavíkurborgar um að fjárveitingar skóla- og frístundasviðs eru gerðar með fyrirvara um fjárheimildir skv. fjárhagsáætlun á hverju ári.

Í öllum tilvikum er lagt til að ákvörðun um viðmið verði tímabundin vegna skólaárið 2020 - 2021.

Greinargerð:

I Forsaga málsins

Á 163. fundi skóla- og frístundaráðs þann 25. júní 2019 og í borgarráði þann 4. júlí 2019 var samþykkt tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs í bréfi, dags. 20. júní 2019, til skóla- og frístundaráðs, um viðmið um hámarksfjölda reykvískra nemenda sem greitt er framlag vegna til sjálfstætt rekinna grunnskóla utan Reykjavíkur skólaárið 2019 - 2020. Í öllum tilvikum var ákvörðun tímabundin til 1. júlí 2020 og að fyrir þann tíma skyldi tekin ákvörðun um framlengingu eða endurskoðun á fyrirkomulaginu.

Frá árinu 2016 hafa viðmið um hámarksfjölda reykvískra nemenda í sjálfstætt reknum grunnskólum utan Reykjavíkur verið ákveðin árlega.

II Ákvæði laga um grunnskóla og reglugerðar um sjálfstætt rekna grunnskóla

Í 43. gr. a - f laga um grunnskóla nr. 91/2008 er fjallað um sjálfstætt rekna grunnskóla.

Til samræmis við 1. mgr. 43. gr. a í lögum um grunnskóla er kveðið á um að sveitarfélag sem skóli starfar í skuli gera þjónustusamning um rekstur skólans við rekstraraðila. Samningur felur í sér samþykki sveitarfélags fyrir stofnun skólans, staðfestingu á rétti til fjárframlaga skv. 43. gr. b og skuldbindingu sveitarfélags um að hafa eftirlit með starfi hans.

Í ákvæðum laga um grunnskóla nr. 91/2008, með síðari breytingum eða reglugerð nr. 1150/2018 um sjálfstætt rekna grunnskóla er ekki kveðið beint á um réttarstöðuna milli sveitarélags og sjálfstætt rekens grunnskóla þegar sótt er um innritun í sjálfstætt rekinn grunnskóla fyrir barn sem á lögheimili í öðru sveitarfélagi en skólinn er staðsettur í.

Ekki er gert ráð fyrir að þjónustusamningur sé gerður milli viðkomandi sveitarfélags og viðkomandi grunnskóla og á sveitarfélagið því ekki aðkomu að málum sem varða innritun, gjaldtöku eða skólagöngu barnsins, m.a. vegna þeirrar sérfræðipjónustu sem hlutaðeigandi barn kann að þurfa. Þetta hefur m.a. þau áhrif að sveitarfélag getur ekki í þjónustusamningi takmarkað þann fjölda nemenda sem sækja sjálfstætt rekinn grunnskóla utan lögheimilissveitarfélags líkt og kveðið er á um að heimilt sé að gera í þjónustusamningi gagnvart sjálfstætt reknum grunnskóla í viðkomandi sveitarfélagi.

Þrátt fyrir framangreint er það mat skóla- og frístundasviðs að sveitarfélagi sé heimilt á grundvelli framangreinds lagaákvæðis í grunnskólalögum og stjórnarskrárvarins réttar sveitarfélaga til sjálfstjórnar skv. 78. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 að takmarka fjárframlög sín til sjálfstætt rekinna grunnskóla utan sveitarfélagsins en tekjustofnar sveitarfélaga skulu ákveðnir með lögum, svo og réttur þeirra til að ákveða hvort og hvernig þeir eru nýttir, sbr. einnig 1. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Við það er miðað að sama framlag verði greitt til sjálfstætt rekinna grunnskóla utan Reykjavíkur og gilda skv. 8. gr. reglugerðar nr. 1150/2018 um sjálfstætt rekna grunnskóla. Í 1. mgr. 8. gr. kemur fram að framlagið skuli nema að lágmarki 75% af vagnu meðaltali heildarrekstrarkostnaðar allra grunnskóla sem reknir eru af sveitarfélögum í landinu á hvern

nemanda samkvæmt árlegum útreikningi Hagstofu Íslands. Gildir þetta hlutfall fyrir skóla með allt að 200 nemendur, en framlagið skal vera að lágmarki 70% fyrir hvern nemanda umfram þann fjölda.

III Upplýsingar um fjárhagslega áhrif

Áætlaður árlegur rekstrarkostnaður á hvern nemanda í grunnskólum, sem reknir eru af sveitarfélögum, var kr. 1.994.050 í apríl 2020. Miðað við að greitt sé 75% af þeirri fjárhæð er árlegur rekstrarkostnaður á hvern nemanda kr. 1.495.538,- (dreifist á 9 mánuði, september til maí). Fastur kostnaður Reykjavíkurborgar pr. nemanda er kr. 800.388,-. Sá kostnaður fellur ekki niður ef laus pláss eru til staðar í grunnskólum Reykjavíkur.

Fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs vegna framlaga til sjálfstætt rekinna grunnskóla miðast við nemendafjölda þeirra að hausti á rekstrarári á undan þ.e. október 2019 vegna fjárhagsáætlunar 2020. Skóla- og frístundasvið fær auknar fjárheimildir í samræmi við fjölgun/fækkun og verðlagsbreytingar framlags á fjárhagsárinu. Hækkun viðmiðs um hámarksfjölda skilar því ekki hækkun á fjárheimildum en eins og með magntölur í borgarreknum skólum þá er nemendafjölgun á fjárhagsári ávallt bætt.

IV Afgreiðsla málsins

Með vísan til framanritaðs er lagt til að samþykkt verði að setja framangreind viðmið um leyfilegan hámarksfjölda reykvískra nemenda sem greitt er framlag vegna skólaárið 2020 - 2021, með fyrirvara varðandi afgreiðslu einstakra umsókna og um að fjárveitingar skóla- og frístundasviðs eru gerðar með fyrirvara um fjárheimildir skv. fjárhagsáætlun á hverju ári.